



LEIKLISTARSKÓLI SÁL – 50 ÁR 1972-1975

SÝNING Í ÞJÓÐARBÓKHLÖÐU OPNUÐ 13. OKTÓBER 2022



Leiklistarskóli SÁL - 50 ár

Útgefandi: Landsbókaskafn Íslands – Háskólabókaskafn
Arngrímsgötu 3
107 Reykjavík
Sími: 525 5600
Netfang: landsbokaskafn@landsbokaskafn.is
Veffang: www.landsbokaskafn.is

Sýningarstjórn: Sigríður Jónsdóttir.
Undirbúningsnefnd: Elísabet Bjarklind Þórisdóttir, Helga Hjörvar, Ragnheiður Elfa Arnardóttir og Sigurbjörg Árnadóttir.
Hönnun og umbrot: Ólafur J. Engilbertsson.

Viðar Eggertsson hannaði SÁL lógóið.
Ljósmynd framan á kápu og á bls. 12: Haukur Þórólfsson.
Ljósmyndir á bls. 4, 5, 6, 8, 14, 15 og aftan á kápu: Sigfús Már Pétursson.
Ljósmynd á bls. 9: Elísabet B. Þórisdóttir.
Hópmmynd á bls. 11: Þjóðviljinn/timarit.is
Ljósmynd á bls. 13: Ljósmyndari óþekktur.
Ljósmyndir af veggspjöldum og leikskrá: Helgi Braga.
Þar sem ekki er getið höfundar ljósmynda eða veggspjalda liggja upplýsingar ekki fyrir, en ábendingar eru vel þegnar.
Prentun: Háskólaprent.

Áhuga á leiklist?

Er margt áhugafólk um leiknám á Íslandi? Ganga margir með þá hugmynd að rétt sé að leggja stund á leiknám? Hafa ráðamenn í Þjóðfélaginu áhuga á leiknámi og aðstöðu leiknema? Allir vita að enginn leiklistarskóli hefur verið rekinn á Íslandi eða hefur tekið inn nemendur lengi. En verður á næstunni stofnaður Ríkisleiklistarskóli? Svar við sumum spurninganna er hægt að fá kl. 3 e.h. í Norræna húsinu, en þá verður haldinn stofnfundur samtaka áhugafólks um leiklistarnám.

Einkunnarorð SÁL: „Við krefjumst leiklistarskóla, sem kennir okkur að skoða raunveruleikann og hjálpar okkur að vinna úr athugunum okkar, þannig að okkur sé í framtíðinni kleift að meta starf okkar og afleiðingar þess.“

Hluti af tillögu að reglugerð Samtaka áhugafólks um leiklistarnám. Fundargerðir eru vandaðar en voru oftast ekki skrifaðar með hraði eins og sést á stafsetningu.

„VIÐ KREFJUMST LEIKLISTARSKÓLA!“ STOFNUN SAMTAKA ÁHUGAFÓLKS UM LEIKLISTARNÁM

Hinn 23. júlí 1972 birtist tilkynning í Þjóðviljanum undir fyrirsögninni „Áhuga á leiklist?“ og sama dag hittist í Norræna húsinu hópur af ungu hugsjónafólki með brennandi áhuga á leiklistarnámi. Samtök áhugafólks um leiklistarnám – SÁL voru stofnuð. Á þessum tíma starfaði enginn leiklistarskóli á Íslandi, en einstaka leikarar héldu úti einkakennslu. Leikfélag Reykjavíkur og Þjóðleikhúsið höfðu lokað sínum skóladyrum í þeirri von að þrýsta á þáverandi ríkisstjórn að stofna og starfrækja leiklistarskóla. Viðbrögðin létu á sér standa og ríflega tveimur árum seinna bólaði ekkert á nýjum leiklistarskóla.

Eftir fyrsta fund var boðað til framhaldsfundar 2. ágúst þar sem var tekin ákvörðun um að SÁL-samtökin stofnuðu leiklistarskóla um haustið. Skólinn yrði starfræktur þangað til ríkisrekinn leiklistarskóli tæki við. Öll stjórnsýsla yrði lýðræðisleg og nemendur sjálfir við stjórnvölinn. Nemendur myndu ráða alla kennara, semja námskrá, útvega húsnæði og reka skólann, fyrst með skólagjöldum og vonandi síðar með opinberum styrkjum. Leiklistarskóli SÁL hóf starfsemi í byrjun október 1972.

FYRIR FUND, 2. AGÚST 1972

TILLAGA AÐ REGLUGERÐ SAMTAKA ÁHUGAFÓLKS UM LEIKLISTARNÁM.

Einkunnarorð:

Við krefjumst leiklistarskóla, sem kennir okkur að skoða raunveruleikann og hjálpar okkur að vinna úr athugunum okkar, þannig að okkur sé í framtíðinni kleift að meta starf okkar og afleiðingar þess.

Samtökin leggja áherzlu á; að vekja skilnin allra á, að leikhús byggist á hópvinnu en ekki einstaklingsframtaki.

Samtökin starfa sem Íslandsdeild Norrænu leiklistar-nemaneðndarinnar þangað til Íslendingar eignast leiklistarskóla.

Sama sem, ekkert í leikhúsinu er okkur óviðkomandi.

NEMENDUR

Nemendur Leiklistarskóla SÁL komu hvaðanæva að, unglingar að stíga sín fyrstu skref í lífinu í bland við einstaklinga sem sinntu heimili, störfum og fjölskyldu. En eitt sameinaði þessa ólíku einstaklinga: brennandi áhugi á leiklistarnámi. Ekkert inntökupróf var í skólann heldur notast við símat.


Fleiri nemendur hófu nám en kláruðu, skólinn hentaði ekki öllum. Eftir varð kjarni sem hélt skólanum gangandi samhliða krefjandi námi en það var einungis hluti af skyldum nemenda við skólann. Lýðræðisleg stjórn-sýsla skólans var skipulögð í gegnum fundarhöld. Fundir voru haldnir reglulega, stundum oft í viku og vörðu jafnvel í fleiri klukkutíma. Einnig var á ábyrgð nemenda að fjármagna skólann.

„Félagsleg aðstaða nemenda er mjög misjöfn. Nemendur stunda vinnu eða annað nám að deginum og auk þess verða sumir að vinna heimilis-störf að auki. Hafa þeir þannig misjafna möguleika á að undirbúa sig fyrir kennslustundir ... Þyrftu nemendur því að öðlast rétt til námslána til að geta stundað nám sitt eins og eðlilegt verður að teljast.“


Sigmundur Örn Arngrímsson, meðmælabréf dagsett 26.3.1973 (Ráðherramappa).



Helga Hjörvar í hópi nemenda 3. árgangs, 1974-1975.



Gefin voru út skirteini nemenda og kennara.



Sigurður Pálsson við kennslu.

KENNARAR

Kennarar skólans voru að sama skapi breiður hópur, sumir hverjir ekki mikið eldri en nemendurnir og jafnvel ennþá í námi. Launataxtinn var lægri en í flestum öðrum skólum en kennararnir, sem deildu oftari en ekki hugsjónum nemenda, tóku á sig lægri laun.

Á meðal kennara má nefna Arnar Jónsson, Gylfa Baldursson, Gylfa Gíslason, Helgu Hjörvar, Hilde Helgason, Kára Halldór Þórsson, Maríu Kristjánsdóttur, Sigurð A. Magnússon, Sigríði Pálmadóttur, Sigurð Pálsson, Þórhildi Þorleifsdóttur, Þorleif Hauksson og Þorgeir Þorgeirson.

„Þarna fannst Þorgeiri Þorgeirsyni gaman að vera. Enda sagði hann að einræði væri sæluríki stöðnunar og þeim sem aðhylltust það stæði stuggur af lýðræði, því þar gæti allt gerst.

Og þarna sat hann í miðjum hópnum, einn af okkur, en þó svo ólíkur, en samt einn af okkur. Hann var sá eini, af þó mjög svo framsæknum kennurum, sem sagði aldrei: Þið og Ég. Hann sagði alltaf: Við. Það var af þeirri einföldu ástæðu að hann var einn af hópnum. Þannig maður var Þorgeir Þorgeirson.“

Viðar Eggertsson um Þorgeir Þorgeirson.



Hilde Helgason við kennslu.



Þorgeir Þorgeirson, Ása H. Ragnarsdóttir, Anna S. Einarsdóttir og Sólveig Halldórsdóttir.

HÚSNÆÐI

Húsnæðisekla einkenndi skólahaldið frá upphafi enda skorti skólann fé og ekki var hlaupið að því að fá leiguhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu á þessum tíma. Hvað þá að leigja hópi af leiklistarnámsþyrstum ungmennum sem ætluðu sér að reka skóla!

Fyrsta veturinn (1972–1973) fékk hópurinn inni í kjallaranum á Fríkirkjuvegi 11. Veturinn þar á eftir (1973–1974) bættist auðvitað annar árgangur við sem útheimti frekara pláss. Þá bættist við Tónabær í Skaftahlíð. Þetta húsnæði lét Æskulýðsráð Reykjavíkurborgar skólanum í té endurgjaldslaut og var það skólanum dýrmætur stuðningur, enda fjárhagurinn bágur.

Þriðja veturinn (1974–1975) hóf þriðji árgangurinn nám en þá fluttist nær öll kennslan á Hótel Vík við Vallarstræti á Ingólfstorgi sem skólinn tók á leigu, en framleigði herbergin á efstu hæðinni til nemenda og fleiri. Leikfimi var kennd í Íþróttahúsi Jóns Þorsteinssonar við Lindargötu og ÍR-húsinu við Landakot meðal annarra, en nemendur lærðu söng á víð og dreif um borgina, bæði í heimahúsum og við Söngskólann í Reykjavík.


Stundaskrá 3. bekkjar í Leiklistarskóla S.Á.L./veturinn 1974-75 SJ 51

1. Önnur: Mánudagur:	
09:00 - 10:00 tónfræði	
10:00 - 11:30 fælnak leikritunarsaga	
11:45 - 12:30 leikfimi	
13:00 - 17:00 leiktdikun	
Þriðjudagur:	
fælnak leikritunarsaga og einkatímar í söng samhlöð 09:00 - 11:30	
11:45 - 12:30 leikfimi	
13:00 - 17:00 leiktdikun	
Mikvildagur:	
09:00 - 11:45 leikritun og fyrirlestrar	
12:00 - 13:30 leikfimi	
14:00 - 17:00 leiktdikun	
Fimmtudagur:	
09:30 - 11:30 fæl. leikritunarsaga í hópvinnu og einkat. í söng samhlöð	
11:30 - 12:30 mótalestur	
13:30 - 17:00 leiktdikun	
Föstudagur:	
09:00 - 10:00 leiklistarsaga	
10:00 - 11:30 fundur	
12:00 - 12:45 leikfimi	
13:15 - 17:00 leiktdikun	
2. Önnur: Mánudagur: (og helmingur af 3. önn)	
09:00 - 11:00 leiktdikun	
11:15 - 14:00 leikfimi	
13:00 - 17:00 fæl. leikritunarsaga/dtvarpa-leikur	
20:30 - 22:00 taltæmi	
Þriðjudagur:	
09:30 - 13:00 leiktdikun	
13:15 - 14:00 leikfimi	
13:00 - 17:30 einstaklings tímar í söng og fransögn	
Mikvildagur:	
09:00 - 11:45 leiktdikun	
12:00 - 13:30 leikfimi	
14:30 - 17:00 IXIA fæl. leikritunarsaga/dtvarpa-leikur	

Stundaskrá 1. árgangs.



Dana Fisarova Jónsson kenndi leikfimi í ÍR-húsinu. Hér er 3. árgangur 1974-1975.



Þessi auglýsing birtist í Morgunblaðinu 27. september 1973, þá bættist annar árgangur við skólann.

Stundaskrá 2. bekkjar í leiklistarskóla S.Á.L./veturinn 1974-75

1. Önn: Mánudagur:

08:30 - 09:00 Upphitun

09:30 - 12:30 Leiktíðun

14:00 - 14:30 Leikritun

14:45 - 16:15 Framsögn

Þriðjudagur:

08:30 - 09:00 upphitun

09:30 - 12:30 leiktíðun

14:45 - 16:15 raddþjálfun

17:15 - 18:45 tónfræði

Mikvildagur:

08:30 - 09:00 upphitun

09:30 - 11:30 leiktíðun

12:00 - 13:30 leikfími

14:30 - 16:00 leiktíð og bðningar

Fimmtudagur:

08:30 - 09:00 upphitun

09:30 - 11:30 leiktíðun

11:45 - 13:00 ísgróvæðing

13:30 - 15:00 láttarag

15:00 - 16:30 æfingartími

Fréttadagur:

08:30 - 09:00 upphitun

09:30 - 11:30 leiktíðun

12:00 - 12:45 leikfími

13:45 - 14:30 umræður

14:30 - 16:00 raddþjálfun

2. Önn: Mánudagur:

09:00 - 11:30 raddþjálfun

11:45 - 14:00 framsögn

14:30 - 17:00 leiktíðun

Þriðjudagur:

10:30 - 11:45 leiklistarsaga

12:00 - 13:30 gróppuafmæli

14:15 - 17:00 leiktíðun

Mikvildagur:

08:45 - 10:15 raddþjálfun

Stundaskrá 2. árgangs

Stundaskrá 1. bekkjar í Leiklistarskóla S.Á.L./veturinn 1974-75

1. Önn: Mánudagur:

19:00 - 20:30 Raddþjálfun

20:45 - 22:45 Gróppuafmæli

Þriðjudagur:

19:00 - 20:00 Leikfími

20:30 - 21:15 Leikritalestur

21:15 - 22:00

Mikvildagur:

19:00 - 20:30 Framsögn

20:45 - 22:45 gróppuafmæli

Fimmtudagur:

19:00 - 20:00 Leikfími

20:45 - 22:15 Raddþjálfun

22:20 - Fundur

Laugardagur:

13:00 - 14:30 Tónfræði

14:35 - 15:35 Leikfími

2. Önn: Mánudagur:

19:00 - 20:30 Taltæmi

20:45 - 22:45 Gróppuafmæli

Þriðjudagur:

19:00 - 20:40 Leikfími

20:30 - 22:45 Raddþjálfun og framsögn (1 1/2 kennsl, hvor, bekknum skifti)

Mikvildagur:

19:00 - 21:00 Gróppuafmæli

21:00 - 21:45 Fundur

22:00 - 23:00 Leikfími

Fimmtudagur:

18:15 - 19:15 Leikfími

19:45 - 22:00 Raddþjálfun og framsögn

Laugardagur:

13:00 - 14:30 Tónlist

14:45 - 16:15 Leiklistarsaga

Stundaskrá 3. árgangs.

SKIPULAG OG KENNSLA

Upphaflegi draumurinn um heilsdagsskóla varð að vika á fyrsta ári fyrir kvöld- og helgarnámi. Námið stæði í fjögur ár en á lokaárinu myndi útskriftarárgangurinn starfrækja nemendaleikhús. Framkomubann nemenda átti að gæta þess að allir sinntu náminu af heilum hug og stæðu jafnfætis við útskrift. Lögð var áhersla á fjölbreytta og þverfaglega kennslu að norrænni fyrirmynd, s.s. raddþjálfun, hópefli (grúppu-dýnamík), leiktúlkun, leikfimi og leiklistarsögu. Á lokaári skólans, námsárið 1974-1975, stunduðu 1. og 2. árgangur heilsdagsnám en 3. árgangur aðallega kvöld- og helgarnám.

Í bréfi sem skrifað var menntamálaráðuneyti árið 1973 og varðveitt er í safni SÁL stendur:

„Kennsluform og náms-tilhögun eru mjög í sam-ræmi við þær stefnur sem rutt hafa sér til rúms í Norðurlöndum og víðar. Meginþættir þeirra eru:

Að stjórn skólans og starf-semi sé byggð á lýðræðis-grundvelli.

Að auk tilskyldrar leiklistar-menntunar sé nemendum gefinn kostur á að kynnst þjóðfélagi því er þeir lifa í, og vinna úr athugunum sínum á grundvelli sjálf-stæðrar hugsunar.

Að opna augu einstaklinga fyrir hóp- og samvinnu.

Að námið rýrni ekki á kostn-að prófa.“

Gróppuafmæli (hópefli) fyrir leikhópa.

Kennslan miðar að því að skapa samkennd og traust innan hópeins, svo að hver einstaklingur fái nýtt þann sköpunarkraft sem í honum býr.

Stefnt er að því að losa um hömlur, líkamlegar, tilfinninga-legar og þær, sem skapast við að alast upp í samkeppnisþjóðfélagi, þar sem hverjum og einum er innrætt að eins dauði sé annars brauð. Stöðugt er unnið að því að bæta andrúmsloftið í hópunum, með trausta- og snertingum og sé þess ekki gætt, er hætt við að hinir sterkustu, en þó ekki alltaf þeir hefðleika mestu, taki stjórnina.

Með æfingunum er reynt að nálgast hlutina fyrir eigin reynslu fremur en rökraður og skilgreiningar. Það sem meiri áhersla er lögð á tilfinningu og skynjun, en vitunni (intellect). Þar sem gengið er út frá því að innviðunarskið sé búið af vitunumunum alveg frá skólaskilyldu aldri.

Stór hluti æfinganna er þögull. Samskiptin verða ekki gegnum orð heldur augnatilvit, snertingu eða með hjálp hljóða og hreyfinga. Að þetta form er valið er bæði til að auka tjóningarmöguleikana og svo vegna þess að reynslan hefur sýnt, að margt er auðveldara að tjá og reyna án orða heldur en með orðum. Og síðast en ekki síst, er það vegna þess, að þessi takmarkið er að finna bein tengsl milli manna, sem tvítræði málsins annars hindrar.

Æfingarnar skiptast í:

Traustæfingar, sem miða að því að hópurinn sé fær um að veita einstaklingnum algjört öryggi.

Snertingæfingar (kontakt) sem miða að því að auðvelda nemendum að taka við geðhrifum og miðla þeim.

Að segja sögu

Æfingar er krefjast eftirtæktar og grannskoðunar.

Einbeitingaræfingar.

Skynjunaræfingar, sem miða að því að uppgötva og þróa skynfæri sem við nýtum ekki til fulls, svo sem heyrn, þak þef-, bragð- og þreyfiskyn.

Hljóð- og hreyfi æfingar.

Þess vegna er mikilvægt að kennslu myndi vera, mið eftir að tiltölulega samstæður hópur hefur myndast að kynna nemendum vinnubrögð leikhópa og vinna verkefni eftir þeim aðferðum.

Reykjavík, 31. marz 1973.

Helga Hjörvar

Helga Hjörvar kenndi hópefli.

VERKEFNI OG SÝNINGAR

Verkefni skólans og heimavinna nemenda endurspeglaði fjölbreytt efnistöð námskrár. 1. árgangur rannsakaði íslenska sviðslistasögu í námskeiðinu „Upphaf íslenskrar leikritunar“ undir leiðsögn Þorgeirs Þorgeirsonar, en verkefnið varði í tæp þrjú ár. Stundum komu verkefnin úr óvæntri átt líkt og þegar 2. árgangur var beðinn um að setja á svið barnaskemmtun á sumardaginn fyrsta í Austurbæjarbíó 1975. Á einum mánuði varð til *Hvað er í kokinu á hvalnum?* Leiktúlkun og greining var einnig stór hluti af námskrá en 3. árgangur greindi meðal annars *Páska* eftir August Strindberg undir leiðsögn Sigmundar Arnar Arngrímssonar.

Mikil áhersla var lögð á fjölbreytt efnistöð og ekkert var nemendunum óviðkomandi. Samfélagsleg ábyrgð spilaði stórt hlutverk í skólahaldinu. Nemendur tala um að lærdómurinn hafi ekki einskorðast við bókina eða leiksviðið heldur lærðu þau sjálfsbjargarviðleitni og samvinnu. Allsherjafundur var haldinn einu sinni í viku, stóð oft í fleiri klukkutíma og fundi ekki slitið fyrr en sátt náðist. Málamiðlun og breið samstaða voru lykilatriði í lýðræðislegri uppbyggingu skólans og var þannig eitt stærsta verkefni nemenda á meðan á náminu stóð.

R A D D I R :		
ÞÓÐ I.	(Sögusætur)	ANNA EINARSÓTTIR
ÞÓÐ II.	(Auglýsandí,	HVANHEILUR/ÞANVESTÓTTIR
ÞÓÐ III.	(Auglýsandí, Guðn. Þjarnar,	HYRT INGÓLFSÓN
ÞÓÐ IV.	(Hlaðsælli, greinabáfr,	ÞÓGUN PÁLADÓTTIR
ÞÓÐ V.	(Jóhann Sigurjónsson)	VÍRA EGGERTSON
ÞÓÐ VI.		ÓLAFUR ÖNN THORIDSEN
ÞÓÐ VII.	(Þj. Jónsson,	SIQURDUR SIQURJÓNSÓN
ÞÓÐ VIII.		ASA RAGNARSÓTTIR
ÞÓÐ IX.		SÓLVEIG HALLDÓRSDÓTTIR
ÞÓÐ X.		KLENN ÞÓLSDÓTTIR
ÞÓÐ XI.		HANNA I. JÓNSDÓTTIR

Jóhann Sigurjónsson (19/6 1980-30/8 1919)	Þorgeir Þorgeirsson stjórnandi.
Anna Einarsdóttir og Víðar Eggertsson töku saman.	1973 - 1975

Verkefni úr „Upphaf íslenskrar leikritunar.“



Nemendur 2. árgangs í sýningunni *Hvað er í kokinu á hvalnum?* 1975.



Hvað er í kokinu á hvalnum? 1975. Gylfi Gíslason hannaði veggspjaldið.

Reykjavík, 11. janúar 1973.

Ágæti félagi.

Bréf þetta er sent til að boða þig á fund, sem haldinn verður að Frikirkjuvegi 11, mánudaginn 22. janúar n.k. klukkan 20.30.

Ástæða þessa fundarboðs er sú, að allsherjargundir hafa verið mjög jáfóttir undanfarið, og reyndist því vafamál, hvort halda bæri starfsemi samtakanna áfram í núverandi mynd. En þar sem baráttumál samtakanna, „leikskólamálið“ er nú komið vel á veg, er einmitt nú þörf fyrir öflugri baráttu fyrir málstaðnum.

Þess er óskað að þú sýnir áhugann í verki, og mætir.

SÁL

Fundarboð og áminning um mætingarskyldu á allsherjargundi.

1973
NÍJ

TÍMANOT I SÖGU LEIKLISTARSKÓLA SÁL

Tílefni þessa blaðamannafundar er:

1. Skólinn hefur tekið á leigu nýtt húsnæði, Hótel Vík, undir starfsemi sína og hafa nemendur sjálfir gert nauðsynlegar breytingar á húsnæðinu.
2. Upphaf 3. starfsárs skólans. Í skólanum eru að 3 bekkjardeildir með alla 43 nemendum, sem skiptast þannig:
1. bekkur 22 nemendur
2. " 10 "
3. " 11 "
og er 1. bekkur í kvöldskóla, en 2. og 3. bekkur í skóla á daginn (frá 8 klst. á dag)
Kennarar eru samtals 13 og auk þess eru nemendur 3. bekkjar í söngskóla Garðars Cortes.
3. Ingibjörg Briem hefur verið ráðin sem framkvæmdastjóri skólans. Framkvæmdastjóri og framkvæmdaráð, sem í eru fulltrúi frá hverjum bekk og fulltrúi kennara sjá um rekstur skólans, en allsherjargundir nemenda og kennara eru stöta vald skólans.

Leiklistarskóli Sál var stofnaður haustið 1972 og er fjögurra ára skóli. Þjóðra drif verður nemendaleiknis. Skólinn er miðaður við nútímaáðstæður, þ.e. honum er ekki eingöngu ætlað að útskrifa starfskrafta til leikhúsa heldur einnig til útvarps, sjónvarps og kennslu í leiklistarskólum og öðrum skólum. Mál þessu sambandi benda á, að grunnskólafrumvarpið gerir ráð fyrir kennslu í leiklist.

Starfsemi skólans miðast við að brúa bilið, þar til ríkis-leiklistarskóli tekur til starfa. Til marks um það, hve þörfin fyrir leiklistarættun er mikil, má geta þess, að tveimur árum eftir að Leiklistarskóli Sál hóf starfsemi sína hafa leikhúsin stofnað annan leiklistarskóla, sem einnig er mikil aðsókn að. Umhverfið eru nú í gangi um sameiningu þessara skóla í einn ríkisleiklistarskóla.

Skólinn er rekinn með skólagjöldum nemenda, sem eru 3000.- á mánuði, og sé af fjárlögum ríkisins. Einnig hefur Reykjavíkurborg hjálpað til með húsnæði fram til þessa í húðakrymum skólaþýðs áða.

Leiklistarskóli Sál var stofnaður af Samtökum áhugasamleka um leiklistarættun og þar umboð nafn þessara samtaka, þótt þau starfi ekki lengur sem slík og skólinn sé orðinn sjálfstæð stofnun.

Fréttatilkynning frá 1974.

REKSTUR OG BARÁTTA VIÐ KERFIÐ

Baráttan fyrir skólanum, bæði rekstri SÁL skólans og opnun ríkis-leiklistarskóla, var samstillt átak allra nemenda. Skólagjöld voru 3000 kr. á mánuði eða um 30.000 kr. miðað við verðlag 2022. Námslán fyrir leiklistarnemendur var þess vegna eitt af þeirra helstu baráttumálum. Eitt af lykilskjöllum SÁL í þessari baráttu var svokölluð „ráðherramappa“, sem varðveitt er í safni SÁL. Í möppuna var safnað saman gögnum sem studdu við málflutning nemenda: meðmælabréf, bókhald, námskrá og skipulag. Oftar en ekki gekk erfiðlega að ná athygli ráðamanna en þá kom listræn hugsun sér vel.

„Mér var farið að leiðast þetta þóf (hafði margt betra að gera í skóla okkar) og því ákvað ég að senda lag til Magnúsar Torfa [menntamálaráðherra] í Lögum unga fólksins.“

Ása H. Ragnarsdóttir.

Lagið var „Ekkert svar“ við texta eftir Ólaf Gauk Þórhallsson sem inniheldur línuna: „Ekkert svar, síminn hringir og hringir ...“

Ári eftir stofnun skólans var starfsemin komin inn á fjárlög. Upphæðin var ekki stór en gríðarlega mikilvæg. Fyrstu tvö árin var reksturinn algjörlega í höndum nemenda en loksins á þriðja rekstrarári skólans var Ingibjörg Briem ráðin í hálft starf sem framkvæmdastjóri. Hún stóð vaktina allan sólarhringinn og var ómetanlegur stuðningsaðili skólans og nemenda.



Hjá Mjólkurskógi. Nemendur í 1. árgangi vinna við leikmynd, en sú vinna var hluti af náminu.

TAKMARKINU NÁÐ!

Árið 1974 fóru að skipast veður í lofti. Leiklistarskóli SÁL hóf sitt þriðja rekstrarár en Leikfélag Reykjavíkur og Þjóðleikhúsið stofnuðu sameiginlegan leiklistarskóla sem gekk undir nafninu „húsaskólinn“. Nú átti að þrýsta enn frekar á stofnun ríkisrekens leiklistarskóla. Ekki voru allir á eitt sáttir um aðkomu SÁL skólans að málinu en þá komu fyrri samskipti við menntamálaráðuneytið sér vel en Vilhjálmur Hjálmarsson, sem þá var orðinn menntamálaráðherra

„... var mjög vel inn í málum SÁL-skólans og gerði sér grein fyrir því að hann var rekinn af faglegum metnaði og heilindum.“

Ingibjörg Briem.

Hófst nú mikil barátta SÁL um að nemendur yrðu ekki einungis gjaldgengir í Leiklistarskóla Íslands heldur að nám síðastliðinna ára yrði metið að verðleikum. Að lokum fór svo að allir nemendur sem voru í dagskóla SÁL, 1. og 2. árgangur, fengu beina inngöngu í Leiklistarskóla Íslands og kennarar SÁL sáu um að velja 12 nemendur úr kvöldskólanum, 3. árgangi, til að hefja nám við nýja skólann. Þess má geta að margir kennarar SÁL störfuðu við LÍ hans fyrstu ár. Hinn 14. maí 1975 afgreiddi Alþingi lög um Leiklistarskóla Íslands sem tæki til starfa um haustið. Takmarkinu var náð!

Nd. **680. Frumvarp til laga** [222. mál]
um Leiklistarskóla Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd., 12. maí.)

1. gr.

Stofna skal á vegum ríkisins leiklistarskóla, og er heiti hans Leiklistarskóli Íslands.

Hlutverk skólans er að þroska leiklistarhæfileika nemenda og þjálf þá til leiklistarstarfa.

Skólinn starfar í Reykjavík, en heimilt er að reka undirbúningsdeildir í tengslum við skólann annars staðar á landinu.

Heimilt er að starfrækja nemendaleikhús á vegum skólans.


Allur kostnaður við skólann greiðist úr ríkissjóði.

6. gr.


Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Vegna þess að leiklistarkennsla hefur farið fram undanfarið á vegum tveggja aðila, annars vegar Leiklistarskóla leikhúsanna, hins vegar Leiklistarskóla Samtaka áhugafólks um leiklist (SÁL), skulu nemendur þessara skóla, sem kjósa að halda áfram námi sínu í Leiklistarskóla Íslands, eiga rétt á því. Ber í því sambandi að taka tillit til þess náms, sem nemandi hefur þegar lokið í skóla sínum, og hvort hann hefur staðist þar hæfnismat. Ráðherra getur sett nánari reglur um þetta efni og á um það úrskurðarvald.



Annað verkefna 2. árgangs í Nemendaleikhúsi voru einþáttungarnir *Undantekningin og Reglan* og *Úrræðið* eftir Bertolt Brecht, 1977.



3. árgangur setti upp *Pilsabýtur*, 1978. Messiana Tómasdóttir hannaði veggspjaldið.

JARÐARFÖR SÁLAR

Í kjölfarið ákváðu nemendur að loka Leiklistarskóla SÁL og 31. maí 1975 var haldin jarðarför Salar í Svarta salnum á Hótel Vík. Viðburðurinn var sameiginleg kveðjustund allra þeirra sem að skólanum komu, nemenda og starfsfólks, og varanleg skólaslit. Leiklistarskóla SÁL yrði lokað, hans yfirlýsta markmiði var náð og hlutverki hans lokið með opnun ríkisrekens leiklistarskóla. Dagurinn var þrunginn söknuði og sorg en aldrei var langt í fjörið og auðvitað var framkvæmdur gjörningur. Nemendur segja til dæmis frá því að öllum þátttakendum var gert að renna sér inn í Svarta sal á rennibraut, sem hafði á dularfullan hátt birst í húsnæðinu fyrr á skólaárinu, áður en athöfnin hófst.

Hinn 15. júlí sama ár birtist frétt í Þjóðviljanum þar sem saga skólans var rakin í fyrsta sinn en titillinn „Viljum halda okkar námsáætlun“ endurspeglar kröfu SÁL nemenda að hópurinn fengi að ljúka námi við Leiklistarskóla Íslands samkvæmt námskrá SÁL skólans.

Nemendur og kennarar SÁL við skólaslit vorið 1975 fyrir utan Hótel Vík. Myndin birtist með grein sem skrifuð var af Presti Haraldssyni og birtist í Þjóðviljanum 15. júlí 1975 undir nafninu „Viljum halda okkar námsáætlun“ þar sem saga skólans var rakin í fyrsta sinn.



ARFLEIFÐ LEIKLISTARSKÓLA SÁL

Arfleifð Leiklistarskóla SÁL birtist á fjölbreyttan máta, þá aðallega í gegnum fólkið, nemendur og kennara, sumir þeirra stöldruðu kannski stutt við en allir settu svip sinn á skólann. Arfleifðin birtist líka í námskrá Leiklistarskóla Íslands. Sem dæmi varð hópavinna stór hluti af náminu og leikfimi/líkamsþjálfun. Nemendaleikhúsið var stóri draumurinn sem rættist að lokum, varð órjúfanlegur hluti af náminu og lifði um áratuga skeið. Þar tókust nemendur á við öll þau verkefni sem tengjast uppsetningu á leiksýningu, þar má telja leikmyndasmíði, búningasaum og veggspjaldahönnun. Þessir þrír árgangar úr Leiklistarskóla SÁL útskrifuðust allir úr Nemendaleikhúsi Leiklistarskóla Íslands, samkvæmt sinni upphaflegu námskrá. Nemendaleikhúsið innihélt boðskapinn sem SÁL stóð fyrir: samvinnu, elju, skipulag, dirfsku og listræna sköpun. Þennan boðskap héldu nemendur SÁL áfram að breiða út á komandi áratugum og gera enn þann dag í dag.



Undir suðvestur himni

NEMENDALEIKHÚS LEIKLISTARSKÓLA ÍSLANDS 1976

2. VERKEFNI – BRAUTSKRÁNING

Undir suðvesturhimni

Sýnt í samvinnu við Norrænu músídagana 1976.

- I. Eldspýtur
Kynning
- II. Morðið
- III. Eldur í hring
- IV. Uppsögnin
- V. Viðkvæði I.
Lómur finnur bréf
- VI. Tinna og Finna
- VII. Borðhaldið
- VIII. Minningaborðið
Vofukvæði I
(HLÉ)
- IX. Á hafnarbarnum
- X. Viðkvæði II.
Að gera við mann
- XI. Sjálfsmorðingi vaknar
- XII. Vofukvæði II.
Viðtal
- XIII. Draumur um ástina
- XIV. Baðkerið
- XV. Uppáhaldið

Til vinstri. Nemendur 1. árgangs í sýningunni
Undir suðvesturhimni eftir Sigurð Pálsson, 1976.



Hlaupvídd sex, 1977. Ásta Ólafsdóttir hannaði veggspjald. Nemendur 2. árgangs í sýningunni.



MINNINGAR UM SÁL

Svanhildur Jóhannesdóttir, 1. árgangur (1972-1976)

„Ó, já, ég man eftir leikfimitímunum. Þeir stóðu yfir í einn og hálfan klukkutíma í einu og hreinlætisaðstaða takmörkuð fyrstu árin. Við gátum þó bleytt handklæðishorn og reynt að þvo svona það mesta. Á sunnudögum var byrjað á leikfimi og svo farið beint í fyrirlestra um gríska leiklistarsögu. Þá var stundum erfitt að halda sér vakandi, að minnsta kosti fyrir okkur sem áttum lítil börn sem vöknðu klukkan sex á morgnana, en áhuginn var ódrepani og þetta tókst einhvern veginn.“

Bjarni Ingvarsson, 2. árgangur (1973-1977)

„Fyrsta veturinn í SÁL var kennt á kvöldin og um helgar þannig að ég gat haldið áfram með blikksmíðanámið. Á öðru ári í SÁL-skólanum vorum við í skólanum að degi til á virkum dögum og stundum um helgar. Ég varð því að semja við meistaran minn í blikksmíðjunni um að breyta samningnum svo ég gæti sinnt leiklistinni. Það var auðfengið.“

Ragnheiður Elfa Arnardóttir, 3. árgangur (1974-1978)

„Ég man tilhlökkunina á hverjum degi, spennuna sem fylgdi því að mæta í SÁL-kvöldskólann, þrátt fyrir langan vinnudag annars staðar. Þar mætti manni skapandi, kærleiksríkt, metnaðarfullt og orkuhlaðið umhverfi þar sem allir hjálpuðust að við að láta drauma rætast og ekkert var ómögulegt!“

Margrét Bóasdóttir, tónlistarkennsla veturinn 1974-1975

„Samkenndin var einkenni hópsins og fyrir mig sem nýgræðing í kennslu var þetta skóli og skemmtun. Ég hef oft sagt að þessi kennsluvetur sé með því skemmtilegasta sem ég hef tekið þátt í um ævina.“

SKÓLASÖNGUR SÁL

Sigurbjörg Árnadóttir, 2. bekkur

„Samstarf og sameiginlegar ákvarðanir voru ein-kenni SÁLARA og það eru vinnubrögð sem ég hef tileinkað mér frá námi í SÁL. Eða eins og stendur í söng Spilverksins og skólasöng SÁL:”

Að hjálpar að

Guð hjálpar þeim sem hjálpa sér sjálfir.
Heilagt stendur skrifað á blað.
Guð hjálpar þeim sem hjálpa sér sjálfir,
ein lítil býfluga afsannar það.
Guð hjálpar þeim sem hjálpast að.

(Lag / texti: Spilverk þjóðanna af plötunni *Götuskór*)



Hjá Mjólkurskógi var fyrsta verkefni Nemendaleikhússins. 1. árgangur stóð að sýningunni og leikstjóri var Stefán Baldursson. Viðar Eggertsson hannaði veggspjaldið.



Spilverk þjóðanna á tónleikum við Hótel Vík 1975.



Nemendur 3. árgangs í sýningunni *Fansjen* ásamt samnemendum í LÍ, 1978.

ÚTSKRIFTARNEMENDUR SÁL

1. árgangur (1972-1976)

Anna S. Einarasdóttir, Ása H. Ragnarsdóttir, Elísabet B. Þórisdóttir, Evert Ingólfsson, Nanna I. Jónsdóttir, Ólafur Ö. Thoroddsen, Sigurður Sigurjónsson, Sólveig Halldórsdóttir, Svanhildur Jóhannesdóttir, Viðar Eggertsson og Þórunn Pálsdóttir.

2. árgangur (1973-1977)

Bjarni Ingvarsson, Edda Hólm, Guðbrandur Valdimarsson, Guðlaug Bjarnadóttir, Guðný Helgadóttir, Guðrún Gísladóttir, Líska Pálsdóttir, Sigurbjörg Árnadóttir og Steinunn Ingibjörg Gunnlaugsdóttir.

3. árgangur (1974-1978)

Emil Gunnar Guðmundsson, Gerður Helena Gunnarsdóttir, Gunnar Rafn Guðmundsson, Hanna María Karlsdóttir, Kristín Sigríður Kristjánsdóttir, Margrét Ólafsdóttir, Ragnheiður Elfa Arnadóttir, Sigfús Már Pétursson, Tinna Gunnlaugsdóttir og Þröstur Guðbjartsson.





Landsbókasafn Íslands
Háskólabókasafn



LEIKMINJASAFN ÍSLANDS